

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Nýtt deiliskipulag – stytting Hörgaeyrargarðs um 40 metra.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti þann 11. júlí 2024 tillögu að deiliskipulagi Hörgaeyrargarðs. Samkvæmt deiliskipulaginu er gefin heimild fyrir að stytta garðinn um allt að 40 metra.

Samhliða auglýsingu deiliskipulagsins var auglýst umsókn um framkvæmdaleyfi en gert er ráð fyrir að garðurinn verði fjarlægður með gröfu á pramma og að efnið verði flutt á efnisvinnslusvæði í Skannsfjöru þar sem það verði geymt. Framkvæmdin verður unnin utan varptíma æðarfugls sem heldur til í Viðlagafjöru og á garðinum sjálfum.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 21. ágúst 2024,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. september 2024